



SKÓLARÁÐSFUNDUR I

29.OKT 2025

KL: 8:30 FUNDARHERBERGI



MÆTTIR:

Monika (f.kennara) Einar Tómas (f.grenndarsamfélagsins) Kristjana (skólastjóri), Laufey (aðst.skólastjóri). Eva (fulltrúi starfsfólks). Snjóþungt þennan dag og mikið um forföll. Ari Tómas (fulltrúi nemenda) og Jósefína (fulltrúi nemenda)

HLUTVERK SKÓLARÁÐS

Hlutverk skólaráðs kynnt fyrir nýjum fulltrúum

UPPHAF SKÓLASTARFS

Nemendur spurðir hvort viðtöl eru betri en að byrja bara strax. Þau svara byrja á að hitta kennarann, tala um sumarið og hvernig skólaárið verður.

Samsöngur, má vera með fleiri lögum sem börnin þekkja. Monika með ný augu. Fín skólabyrjun, smá brekka þegar það vantaði skólagögn. Pantanir frá A4 bárust seint.

HEIMASÍÐAN

Komin í loftið. Mikil gleði og ánægja með það enda löng bið á enda.

SKÓLADAGATAL

Fulltrúar fara yfir skóladagatalið, skoða og spá. Fá yfirsýn. Flestir sammála um að skóladagatalið komi vel út í ár. Það væri jafnvel betra að hafa einn dag í foreldraviðtölum í upphafi. Minna að segja og hafa tvo daga í viðtölum, 30 mín, í okt/nóv, meira að segja þessa daga. Það er búið að komast að afmælisdegi Mýrarhúsaskóla. 30. september 1875

STARFSÁÆTLUN

Rennt yfir allar hagnýtar upplýsingar sem koma fram í starfsáætluninni. Vegna breytinga í Aðalnámskrá eru námsáætlanir í vinnslu og langt komnar.

SKÓLANÁMSRKA ÁHERSLA OG STEFNA MÝRARHÚSASKÓLA

Virðing, ábyrgð, vellíðan. Nemandi í brennidepli, uppbygging, leiðsagnarnám, læsi; tilfinninga, náttúru. Sköpun ofl.



SKÓLARÁÐSFUNDUR I

29.OKT 2025

KL: 8:30 FUNDARHERBERGI



SKÓLALÓÐIN

Nemendur þökkalega glöð með lóðina, endurbæturnar eru vel þakkaðar en að mati fulltrúa er enn þörf fyrir fleiri leiktæki. Kannski fáum við leiktæki í 150 ára afmælisgjöf. Tvær fánastangir komnar

VIÐHALD OG ENDURBÆTUR

Ekki berast nein svör frá ráðamönnum um fyrirhugaðar þakviðgerðir. Dúkurinn á stjórnendaganginum er orðin mjög trosnaður og undan honum kemur mjög vond lykt. Það eru komin ný húsgögn fyrir 5. og 6. bekk

ÖNNUR MÁL

Nýting á Skýinu. Einar Tómas vill meiri samnýtingu. Stórt rými sem nýtist illa. Þurfum að leggjast yfir þetta.

NÆSTI FUNDUR

Þá verða sett drög að næsta skóladagatali 2026 - 2027

9:30 Fundi slitið

Næsti fundur er fim 27.nóv klukkan 8:30

